



Innviðaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson
og Fjárlaganefnd Alþingis

Afrit: Þingmenn Norðvesturkjördæmis
Afrit: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Eftirfarandi ályktun var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar
á [259. fundi bæjarstjórnar í apríl 2022](#) og er henni hér með komið á framfæri.

Ályktun um viðhald þjóðvega á Snæfellsnesi

Fyrir fundinum lágu gögn um ástand þjóðvega og fjárhæðir sem ætlaðar eru til viðhalds þjóðvega á Vesturlandi.

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar lýsir yfir þungum áhyggjum af lélegu og síversnandi ástandi þjóðvega á Snæfellsnesi og að Borgarnesi, ástandi sem er að stórum hluta til komið vegna skorts á viðhlítandi viðhaldi.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar skorar á innviðaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis að tryggja fjármagn til nauðsynlegs viðhalds á þjóðvegum á Vesturlandi, sér í lagi á þjóðvegi 54, Snæfellsnesvegi og þjóðvegi 56 um Vatnaleið.

Í ályktun bæjarstjórnar um ástand vegamála frá 10. september 2020 var að finna eftirfarandi lýsingu:

Ástand þjóðveggar 54, frá Borgarnesi, um Mýrar og vestur eftir Snæfellsnesi, er mjög bágborið.

Sig og frostsKemmdir hafa gert veginn ósléttan yfirferðar, vegkantar eru víða brotnir og hafa gefið eftir á löngum köflum og vestan Vegamóta er vegurinn of mjór. Á kafla vestan þéttbýlis Grundarfjarðar eru vegkantar einnig lélegir og þarfnast styrkingar. Á sumum stöðum er vatnsagi á vegi mikið vandamál. Sama á við um þjóðveg 56 um Vatnaleið.

Verulega aukin umferð á síðustu árum, sumar sem vetur, kallar á aukin framlög til Vegagerðarinnar, ekki síst til almenns viðhalds. Þó nýjar vegaf framkvæmdir séu af hinu góða, þá má ekki gleymast að sinna viðhaldi eldri vega þannig að sú fjárfesting skili arðsemi; geti þjónað hlutverki sínu og öryggi vegfarenda sé tryggt.

Framangreind lýsing er því miður enn í fullu gildi og ljóst er að ástand þjóðveganna hefur sjaldan verið eins slæmt og nú.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar eru eftirfarandi fjárhæðir áætlaðar í viðhald þjóðvega á Vesturlandi og Vestfjörðum árið 2022:

- I. Viðhald bundin slitlög - 897 m.kr sem skiptist með eftirfarandi hætti:
- Malbik 145 m.kr - Í malbik væri nauðsynlegt að setja 300-400 m.kr árlega til þess að halda í horfinu og byrja á nýjum malbiksköflum.
 - Klæðingar: yfirlagnir 376 m.kr og blettanir 165 m.kr - Þörfin fyrir yfirlagnir er þó tvöfalt meiri, eða 750-800 m.kr árlega, einungis til að halda ástandinu í horfinu.
 - Viðgerðir og aðrar framkvæmdir (holur, kantar og hjólför o.fl.) 220 m.kr.
- II. Styrkingar og endurbætur - 370 m.kr
- Lagfæringar á „hoppum“ og öðrum hættulegum stöðum.
 - Endurbætur á vegum sem eru aflagðir
 - Styrkingar malarvega
 - Fjármagn í „skilavegi“

Meðal brýnustu og mest aðkallandi verkefnanna í styrkingum og endurbótum sem bíða á Snæfellsnesi eru Snæfellsnesvegur 54, um Kaldármela (150 m.kr), Snæfellsnesvegur 54 um Skjálgarhraun (160 m.kr) og Stykkishólmsvegur 58: festun (310 m.kr). Mörg verkefni á bilinu 60 -200 m.kr er einnig orðið virkilega aðkallandi að ráðast í.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar bendir á að yfirlagnir eru gríðarlega mikilvægar til að viðhalda góðu yfirborði vega og tryggja að yfirborð springi ekki eða aflagist. Þegar ekki næst að halda við yfirborði vega með klæðingu eða malbiki er hættu á að þeir brotni niður og verði það lélegir að frekari aðgerða sé þörf, með styrkingum og endurbótum. Sú er orðin raunin með stóra kafla á framangreindum vegum og er þörf fyrir fjármagn í allra brýnustu verkefni, til styrkinga og endurbóta, áætluð um 5-6 milljarðar kr. Þær fjárhæðir miðast einungis við verulega aðkallandi viðgerðir, þ.e. á vegaköflum sem eru mjög illa farnir, ónýtir eða jafnvel hættulegir vegfarendum. Fjöldmörg slík verkefni bíða og þokast hægt áfram, eins og ganga má út frá þegar fjármagn til styrkinga og endurbóta er einungis um 6% af því sem áætlað er að þurfi í brýnustu verkefni.

Samþykkt samhljóða.

Atvinnubílstjórar sem við höfum talað við telja það tímaspursmál hvenær alvarleg slys verða vegna ástands veganna.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Grundarfirði, 29. apríl 2022,

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar,


Björg Ágústsdóttir



Bæjarstjórnin
Grundarfirði